



SIÐAREGLUR STARFSMANNA Sveitarfélagsins Skagafjarðar

1. gr.

Markmið siðareglanna

Markmið siðareglna starfsmanna Sveitarfélagsins Skagafjarðar er að skilgreina háttarni og viðmót sem ætlast er til að starfsmenn sýni við störf sín. Siðareglunum er ætlað að stuðla að því að starfsmenn Sveitarfélagsins Skagafjarðar sýni hver öðrum, íbúum og viðskiptavinum heiðarleika, virðingu, trúnað, góða þjónustulund og réttsýni.

Starfsmönnum ber að tileinka sér þessar siðareglur og hafa þær að leiðarljósi.

2. gr.

Starfsskyldur

Starfsmenn skulu gæta þess að fara eftir lögum, reglum og samþykktum sem við eiga hverju sinni. Þeir skulu sinna starfi sínu af alúð og samviskusemi í samræmi við starfslýsingu og réttindi og skyldur samkvæmt kjarasamningum og ráðningarsamningi. Starfsmenn skulu sýna ábyrgð og frumkvæði, viðhalda þekkingu sinni og auka við hana eins og efni standa til.

3. gr.

Trúnaður

Starfsmenn skulu sýna heiðarleika og virðingu í viðmóti og halda trúnað/þagnarskyldu í samskiptum við íbúa, viðskiptavini, samstarfsfólk og aðra sem til þeirra leita. Þagnarskylda helst þótt starfsmaður láti af störfum.

4. gr.

Samskipti og framkoma

Starfsmönnum ber að sýna þjónustulund, kurteisi, lipurð og réttsýni og veita þeim sem til þeirra leita aðstoð og leiðbeiningar. Starfsmenn skulu vanda samskipti og stuðla að góðum starfsanda.

Starfsmenn skulu sýna ábyrgð í rafrænum samskiptum og netnotkun bæði í leik og starfi og fjalla um málefni sveitarfélagsins á ábyrgan hátt.

Starfsmenn skulu gæta þess að framkoma og athafnir, á vinnustað og utan hans, samrýmist því starfi sem þeir gegna.

5. gr.

Umgengni um eigur og nýting fjármuna

Starfsmenn skulu ganga vel um eigur sveitarfélagsins og tryggja sem besta nýtingu á fjármunum. Þeir skulu nýta almannafé á þann hátt sem lög, reglur og fyrirmæli segja til um.

6. gr.

Hagsmunárekstrar

Starfsmenn skulu setja almannahagsmuni ofar sérhagsmunum og fara vel með það vald sem þeim er falið. Þeir skulu gæta meðalhófs og ekki nýta vald sitt í eigin þágu, skyldmenna eða annarra tengdra aðila.



7. gr.

Hæfi

Starfsmenn skulu ekki taka þátt í málsmeðferð og ákvörðunum ef þeir eiga sjálfir aðild að málinu, tengjast málsaðilum fjölskylduböndum eða það varðar aðila þeim tengdum eins og stjórnarsýslulög kveða á um. Starfsfólki ber skylda til að upplýsa um möguleg tengsl.

8. gr.

Jafnræði

Starfsmenn skulu byggja ákvarðanir sínar á málefnalegum sjónarmiðum og gæta jafnræðis.

9. gr.

Gjafir og fríðindi

Starfsmönnum er óheimilt að þiggja greiðslur, fríðindi eða gjafir frá einstaklingum eða fyrirtækjum ef túlka má það sem endurgjald fyrir greiða eða sérstaka þjónustu. Hafa skal samráð við yfirmann ef vafi leikur á hvort starfsmanni er heimilt að taka við gjöf.

10. gr.

Tilkynningarskylda og úrvinnsla

Verði starfsmaður var við brot á þessum reglum ber honum að tilkynna það til næsta yfirmanns eða þar til bærra aðila sem vinna málið áfram. Ráðgjafar verður leitað til siðanefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga ef upp koma álitamál.

11. gr.

Miðlun siðareglna til starfsmanna Sveitarfélagsins Skagafjarðar og almennings

Starfsmenn undirgangast þessar siðareglur við undirritun ráðningarsamnings og lýsa því þar með yfir að þeir ætli að fylgja þeim. Siðareglurnar skulu vera aðgengilegar starfsfólki sveitarfélagsins, almenningi og fjölmiðlum á heimasíðu Sveitarfélagsins Skagafjarðar þannig að þessir aðilar geti gert sér grein fyrir meginreglum þeirra.